



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti
101 Reykjavík

Sent í tölvupósti á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 25. nóvember 2019.

Umsögn Landverndar um þingsályktunartillögu um grænan samfélagssáttmála, 31. mál.

Með tölvupósti þann 4. nóvember síðastliðinn óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Landverndar um ofangreinda þingsályktunartillögu. Stjórn Landverndar fagnar tillögunni, styður hana heilshugar og tekur undir þann rökstuðning sem kemur fram í greinargerð með henni.

Landvernd telur tillögurnar nauðsynlegar og styður sérstaklega hugmyndina um þjóðfund í vor. Mikilvægt er þó að að dvelja ekki við stefnumótun heldur að hefja aðgerðir sem fyrst og verður vinna við grænan samfélagssáttmála að gerast samhliða aðgerðum í þágu loftslagsmála sem verða síðan aðlagðar að því sem græni sáttmálin segir til um.

Stjórn Landverndar telur að markmið 5 sé ótímabært og jafnvel óraunhæft og leggur því til að það verði fellt út. Ísland á langt í land til að vera til fyrirmyndar þegar kemur að loftslagsmálum og á enn lengra með að geta verið í framvarðarsveit.

Þess í stað leggur Landvernd til að markmiði um virkt aðhald almennings og sérfræðinga við aðgerðir ríkisins verði tryggt sem og gangsæi við mótun og framkvæmd aðgerðaráætlana stjórnvalda. Einnig þarf að tryggja aðgengi að nauðsynlegri fagþekkingu svo vinnubrögð verði vönduð og aðgerðir raunsæjar og trúverðugar. Markmið 5 gæti þá hljómað á þessa leið:



5. Sjálfstæði verkefnastjórnar aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum, loftslagsráðs og loftslagssjóðs frá stjórnvöldum og hagsmunaaðilum verði tryggt sem og aðgengi að haldgóðri fagþekkingu. Gagnsæi í vinnu við aðgerðaráætlun og framfylgni hennar verði tryggt.

Hafa má samband við undirritaða vegna málsins með tölvupósti á tölvupóstfangið audur@landvernd.is eða í síma 8435370.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar,

Auður Önnu Magnúsdóttir,
framkvæmdastjóri.